

## Orlofsfréttabréf Verkalýðsfélags Suðurlands 2007



Nú líður að sumarorlofi og eflaust margir farnir að huga að fríinu sínu. Það sem stendur félagsmönnum Vlf.S til boða fyrir sumarið 2007 er:

Gunnarsbraut 26, Árnessýslu. Orlofshúsið okkar í Reykjaskógi er búið öllum helstu þægindum. Heitur pottur með nuddi á lokaðri verönd. Svefnherbergin eru 3 og svefnstæði er fyrir 8 manns. Lyklar eru afhentir á skrifstofunni á Hellu. Vikuleigan er 17.000– frá föstudegi til föstudags. Eingöngu vikuleiga á tímabilinu júní til ágúst

Furulundur 10, Akureyri. Íbúðin er um 50 fm<sup>2</sup> og er með 2 svefnherbergi, annað með kojum og í hinu er tvö rúm sem hægt er að setja saman. Securitas, Akureyri er umsjónaraðili fyrir íbúðina og sér um að afhenda lyklana. Vikuleigan er 15.000– frá föstudegi til föstudags. Eingöngu vikuleiga á tímabilinu júní til ágúst.

Fellihýsi. Viking epic, 9 feta. Það er með 2 svefnskálum og er hægt að breyta borðkróknum í svefnstæði líka. Sólarrafhlaða, ísskápur og miðstöð eru í fellihýsinu, einnig fylgir fortjald. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með áhöld. Tjaldborg, Hellu sér um að afhenda fellihýsið og yfirfara það að leigutíma loknum. Vikuleiga er 17.000– frá fimmtudegi til miðvikudags.

Tjaldvagn, Combi Camp. Vagninn er með 2 svefnstæðum og geymslukassa. Gashellur, gaskútur, borð og 4 stólar, sem og fortjald fylgir. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með áhöld. Tjaldborg, Hellu sér um að afhenda vagninn og yfirfara að leigutíma loknum. Vikuleiga er 13.000– frá fimmtudegi til miðvikudags.

Rjúpnasalir 10, Kópavogi. Nú á vormánuðum festi félagið kaup á bjartri 86 fm<sup>2</sup> íbúð í Kópavogi og munum við fá hana afhenta í júní. Hún mun væntanlega vera tilbúin til útleigu um miðjan þann mánuð. Íbúðin er á 1.hæð í lyftublokk. Sérmerkt stæði í bílageymslu fylgir. 2 svefnherbergi og þvottahús með tækjum eru í íbúðinni. Fyrstu 2 sólarhringarnir verða leigðir á 3.000– hvor, umframsólahringar verða á 2.500-. Ef fyrirfram er leigð vika í einu er verðið 17.000-. Lyklar verða afhentir á skrifstofu félagsins á Hellu.

Aftan á blaðinu er umsóknareyðublað sem félagsmenn fylla út og senda til okkar í pósti á skrifstofu félagsins, að Suðurlandsvegi 3, 850 Hella, eða á faxi í s: 487-5003.

Umsóknartími fyrir orlofshús/vagna er frá 1-20. apríl n.k. og verður úthlutun lokið 30. apríl. Allir umsækjendur fá sent svar bréfleiðis. Þeir sem fá úthlutað verða að ganga frá greiðslu fyrir 20.maí, og framvísa þarf kreditkort sem tryggingu. Að þeim tíma liðnum verður úthlutað til þeirra sem kunna að vera á biðlista.

Frekari upplýsinga um húsin/vagnana er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins í s:487-5000, milli kl 9:00 og 16:00, virka daga.

Mínum á að hægt er að kaupa staka miða í Hvalfjarðargöngin og kostar miðinn 550 kr stk. Miðarnir eru til sölu á skrifstofunni.

Það er von orlofssjóðs Vlf.S að félagsmenn okkar hafi kost á að nýta það sem í boði er, og megi eiga ánægjulegt orlof með fjölskyldum sínum í sumar.

# UMSÓKN UM ORLOFSHÚS/VAGN, SUMAR 2007

UMSÓKNIR ÞURFA AÐ HAFNA **BORIST FYRIR 20. APRÍL**

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Sími /gsm	

- Sótt er um:  Furulundur 10, Akureyri, íbúð  
 Rjúpnasalir 10, Kópavogi, íbúð  
 Gunnarsbraut 26, Árnessýslu, orlofshús  
 Fellihýsi  
 Tjaldvagn

Orlofshús/íbúð eru leigð frá **föstudegi til föstudags**  
Tjaldvagn/fellihýsi frá **fimmtudegi til miðvikudags**.

Sótt er um tímabilið: \_\_\_\_ / \_\_\_\_ til \_\_\_\_ / \_\_\_\_ 2007

Tímabil til vara: \_\_\_\_ / \_\_\_\_ til \_\_\_\_ / \_\_\_\_ 2007

**Annað sem þarf að koma fram:**

---

Hefur umsækjandi áður fengið orlofshús/vagn:  Já síðast  
árið: \_\_\_\_\_  
 Nei

---

Undirskrift umsækjanda

Umsókn um orlofshús/vagn sendist á skrifstofu Vlf.Suðurlands, Suðurlandsvegi 3, 850 Hella,  
sími 487-5000, fax: 487-5003  
heimasiða [www.vlfs.is](http://www.vlfs.is) tölvupóstur [vs@vlfs.is](mailto:vs@vlfs.is)